



Oddeyrarskóli Tengja

3. tbl.
skólaárið
2014-2015

Nýr fræðslustjóri á Akureyri

Soffía Vagnsdóttir tók við starfi fræðslustjóra á Akureyri 1. nóvember. Hún tekur við starfinu af Gunnari Gíslasyni sem hefur gegnt því til 15 ára. Soffía kemur frá Bolungarvík og hefur undanfarin ár starfað sem skólastjóri við grunnskólann þar í bæ. Við í Oddeyrarskóla bjóðum Soffíu velkomna til starfa!




Starfsáætlun Oddeyrarskóla

Nú hafa stjórnendur Oddeyrarskóla lagt lokahönd á starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2014-2015. Hún er birt á heimasíðu skólans undir tenglinum *skólastarf*.

Kennarar úr Oddeyrarskóla á Google ráðstefnu í Svíþjóð

Þær Linda Rós, Rannveig, Kristín Bergþóra og Margrét sóttu Google Education ráðstefnu í Stokkhólmi í lok október. Þær hafa verið miklir frumkvöðlar í notkun Google umhverfisins í grunnskólum á Íslandi og náðu enn að bæta við þekkingu sína á ráðstefnunni. Ýmsir skólar hafa leitað til þeirra með ráðgjöf varðandi innleiðingu á þessu umhverfi. Þær voru á dögum með kynningu fyrir skólastjórnendum á Akureyri.




Sjóræningjapema í 1. bekk

Síðustu tvær vikurnar hafa börnin í 1. og 2. bekk upplifað mikil ævintýri. Einn daginn barst þeim flöskuskeyti með bréfi frá sjóræningjahljóði sem sagðist vera villtur og rataði ekki heim. Síðan þá hafa börnin skrifað á við sjóræningjann og kennt honum eitt og annað. Til dæmis hafa þau leiðbeint honum með muninn á stöfunum b, p og d, kennt honum höfuðáttirnar og fjöllin í kringum okkur auk þess að leiðbeina honum með almenna mannasíði og kurteis, ekki veitti af! Hver og einn nemandi hefur skrifað honum bréf með ýmsum spurningum og leiðbeiningum.

Einn daginn þegar nemendur mættu í skólann voru blaut fótspor um alla stofu ásamt litlum demöntum. Þetta þótti börnunum afskaplega spennandi. Tvö bréf fundust svo í stofunni. Í öðru þeirra voru vísur en í hinu, sem var sendibréf, mátti finna vísbendingu um

nafn sjóræningjans. Þar voru allir stafirnir í rugli og nú ætla börnin að takast á við það verkefni um helgina að leysa stafaruglið og komast að því hvað sjóræningjahljóðið heitir. Ef til vill koma foreldrar aðeins til hjálpar.

Sjóræningjaævintýrið er hluti af vinnu í byrjendalæsi og hafa kennarar í gegnum það samþætt vinnuna við nám í fleiri greinum, s.s. stærðfræði, lífsleikni, myndlist, landafræði og ritun.



Á döfinni

1. desember: Spiladagur á öllum stigum.

10. desember: 2. fundur skólaráðs.

10. desember: 9. bekkur verður með kaffihús fyrir nemendur skólans. Kakó og piparkökur eru í boði foreldrafélagsins.

16. desember: Nemendur skera laufabrauð.

16. desember: Jólamatur.

17. desember: Hæfileikakeppni Oddeyrarskóla í umsjá nemendaráðs.

19. desember: Litlu jól.

Fréttir af nemendaráði Oddeyrarskóla

Nemendaráð Oddeyrarskóla er skipað átta fulltrúum úr 6. – 10. bekk, þeim Ylfu, Teresu, Völu, Axel, Elísabetu, Hafþóri, Lilju og Jóni Óskari.

Hópurinn er kröftugur og þau hafa nú þegar staðið fyrir tveimur böllum, annars vegar fyrir nemendur í 1.—4. bekk og hins vegar fyrir nemendur í 5.—7. bekk. Ágóðann af böllunum tveimur nýtti hópurinn til að fjárfesta í keppnisbúningum fyrir lið Oddeyrarskóla á ýmsum íþróttatengdum viðburðum.

Hjördís Stefánsdóttir kennari leiðir störf nemendaráðs og er þeim stoð og stytta í þeim skemmtilegu verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur. Nemendaráðið hyggst standa fyrir hæfileikakeppni í skólanum miðvikudaginn 17. desember og hefst dagskrá kl. 9:00. Allir eru hvattir til að taka þátt, hvort sem þeir vilja vera einir eða í hóp. Starfsmenn eru sérstaklega hvattir til að vera með!



Nemendaráð Oddeyrarskóla
2014-2015

Leirvinna í myndlist

Síðastliðið vor var keyptur nýr og öflugur leirbrennsluofn í Oddeyrarskóla. Nú erum við að taka hann í notkun og eru nemendur að búa til leirmuni sem til stendur að brenna á næstu dögum. Krakkarnir í vali í leirmótun eru áhugasamir og hugmyndir eru margar. Á myndunum má sjá þá niðursokkna í vinnu þar sem þeir leggja lokahönd á verkin fyrir þurrkun og brennslu.

Skapandi vinna í 3. og 4. bekk

Síðustu vikur hafa 3. og 4. bekkur unnið með bókina *Hríslan hans Lenna litla*. Bókin er afar skemmtileg og hafa nemendur unnið mikla skapandi vinnu í tengslum við hana. Þeir hafa meðal annars hannað sitt eigið tré sem þau klipptu út og saumuðu. Einnig var ráðist í stórt samvinnuverkefni þar sem nemendur útbjuggu stórt tré þar sem hver grein stendur fyrir eina árstíð. Mikil ritun hefur átt sér stað í tengslum við verkefnið sem og stærðfræði þar sem unnið hefur verið að tréþema í *Einingu* samfara þessari vinnu. Í því þema er lögð áhersla á mælingar og margföldun. Nemendur hafa verið mjög áhugasamir og kátir með þessa vinnu og eru afar stoltir af trjánum sínum sem prýða nú kennslustofurnar.

